

Tillögur allsherjarnefndar til aðalfundar SASS:

Tillaga að breytingum á samþykktum SASS

Allsherjarnefnd leggur til að tillaga að breytingum á samþykktum SASS verði samþykkt á aðalfundi SASS 2016.

Tillaga um sameiginlega lögreglusamþykkt fyrir Suðurland

Allsherjarnefnd leggur til að stjórn SASS skipi starfshóp til að vinna að gerð sameiginlegrar lögreglusamþykktar fyrir sveitarfélög á Suðurlandi, utan Vestmannaeyja, sem lögð verði fyrir stjórn SASS og send sveitarfélögum á starfssvæði SASS til afgreiðslu.

Tillaga um stofnun Ungmennaráðs Suðurlands

Stjórn SASS leggur til við aðalfund SASS að samþykkt verði að stofna Ungmennaráð Suðurlands.

Kjörgeng til setu í ráðinu eru fulltrúar ungmennaráða í hverju aðildarsveitarfélagi SASS á Suðurlandi og skal hvert sveitarfélag tilnefna tvo fulltrúa í ráðið, sinn af hvoru kyni.

Stjórn SASS verði falin nánari útfærsla samstarfsins í samráði við ungmennaráð sveitarfélaganna.

Ákvæði til bráðabirgða:

Á meðan ekki eru starfandi ungmennaráð í öllum sveitarfélögum á starfssvæði SASS tilnefna sveitarfélögin fulltrúa úr hópi ungmenna á aldrinum 14-25 ára.

Allsherjarnefnd leggur til að aðalfundur SASS samþykki tillögu um stofnun Ungmennaráðs Suðurlands svo breytta.

Allsherjarnefnd leggur til að aðalfundur SASS 2016 samþykki eftirfarandi ályktun:

Aðalfundur SASS 2016 telur breytingu á lögum um veitinga- og gististaði (90 daga reglan) sem samþykkt var í sumar hafa verið misráðna og koma sveitarfélögum landsins illa. Sérstaka athygli vekur að frumvarpsdrögin voru ekki send sveitarfélögum landsins til umsagnar, þrátt fyrir að þar séu ákvæði sem hafa áhrif á tekjumöguleika sveitarfélaga og ákvæði um ný verkefni sveitarfélaga. Aðalfundur SASS skorar á ríkisvaldið að taka málið upp að nýju og viðhafa samráð við sveitarfélögin í landinu.